



Fréttatilkynning
22. mars 2010

Fátækt á Íslandi og í Evrópulöndunum

- ✓ Opnunarráðstefna á Íslandi vegna Evrópuátaks gegn fátækt og félagslegri einangrun fer fram í Iðnó 25. mars 2010.
- ✓ 42 milljónum króna verður varið til verkefnisins hér á landi.
- ✓ Frestur til að skila inn umsóknum um styrki til verkefna rennur út 2. apríl 2010.

Evrópuárið 2010 – gegn fátækt og félagslegri einangrun – hefst formlega hérlendis með ráðstefnu á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins í Iðnó 25. mars 2010 þar sem fjallað verður um fátækt á Íslandi og í Evrópulöndum og kynnt úrræði sem hafa gefist vel til að bæta aðstæður fólks og rjúfa félagslega einangrun.

Berjumst gegn fátækt er yfirskrift Evrópuársins sem Ísland tekur fullan þátt í, ásamt Evrópusambandslöndunum 27 og Noregi, og hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið umsjón með áttakinu af Íslands hálfu. Stýrihópur hefur verið settur á laggirnar, skipaður fulltrúum sveitarfélaga, félagasamtaka, aðila vinnumarkaðarins og hjálparstofnana, og hefur hann til úthlutunar 35 milljóna króna sjóð sem fjármagnaður er til helminga af íslenskum stjórnvöldum og Evrópusambandinu en alls er varið 42 milljónum króna til átaksins hér á landi.

Umsóknarfrestur til 2. apríl

Allir áhugasamir geta sótt um styrk til verkefna og leggja stjórnvöld áherslu á þátttöku sem flestra. Þegar hefur verið auglýst eftir umsóknum um styrki en frestur til að skila inn umsóknum er til 2. apríl næstkomandi. Verkefni og rannsóknir verða að jafnaði styrkt um að hámarki 80% af heildarkostnaði en mótframlagið getur hvort sem er verið í formi vinnuframlags eða fjármuna.

Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem auka fjölbreytni við úrræði og námskeið til að bæta aðstæður tekjulágra hópa og fjölskyldna, atvinnulausra og fólks með skerta starfsgetu, verkefni sem vinna gegn fordómum sem einstaklingur upplifir vegna aðstæðna sinna og verkefni sem ýta undir félagslega virkni fólks sem hætt er við einangrun vegna langtímaatvinnuleysis eða bágra aðstæðna. Verkefni sem hafa framangreind markmið og fjalla einnig um mismunun á grundvelli aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar og uppruna, kynhneigðar eða trúar eru litin jákvæðum augum.

Opnunarráðstefnan í Iðnó 25. mars

Opnunarráðstefna Evrópuársins hér á landi fer fram í Iðnó 25. mars næstkomandi, milli kl. 12.00 og 14.30, og er hún öllum opin og aðgangur ókeypis. Þátttakendur þurfa að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið bjork.vermundsdottir@fel.stjr.is Boðið verður upp á léttu málið, súpu og brauð, við upphaf ráðstefnunnar.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, ávarpar ráðstefnuna og hefur Evrópuátakið formlega á Íslandi. Að því loknu fjallar Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi og prófessor í félagsráðgjöf, um fátækt á Íslandi og í Evrópulöndum. Ella Kristín Karlsdóttir félagsráðgjafi og María Sif Ericsdóttir kynna því næst starfsemi Kvennasmiðjunnar, Runólfur Ágústsson frá Vinnumálastofnun greinir frá áttakinu Ungt fólk til athafna og Stella K. Víðisdóttir frá Velferðarsviði Reykjavíkur ræðir um virðingu, virkni og velferð. Sigríður Ingvarsdóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands slær svo botninn í ráðstefnuna með erindi um litróf samfélagsins.

Auk opnunarráðstefnunnar og verkefna sem hljóta styrki, verða ýmsir atburðir skipulagðir af stýrihópnum í tengslum við Evrópuárið, svo sem morgunverðarfundir, fókusvika í byrjun maí, samkeppnir og listviðburðir.

Sérstakri heimasíðu verður komið upp vegna átaksins á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins og einnig má finna upplýsingar um Evrópuárið 2010 á síðunni <http://www.2010againstpoverty.eu>

Nánari upplýsingar veitir:

Linda Rós Alfreðsdóttir, verkefnisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Sími: 545 8127/892 3105

Netfang: linda.ros.alfredsdottir@fel.stjr.is